

DANSKA:

Í hvaða áfanga á nemandinn að fara?

DAN293: Þessi áfangi er **fornámsáfangi** og einingalaus. Áfanginn er ætlaður nemendum sem hafa þurft sértækan stuðning og mikla hjálp við að tileinka sér dönskunámsefni grunnskólans. Í þessum áfanga er unnið með námsefni sem er ígildi námsefnis 8.-10. bekkjar. Reynt er að vinna með námsefnið á einstaklingsmiðaðan hátt.

DAN102: Þessi áfangi er ætlaður nemendum sem þurfa lengri tíma, meiri stuðning og eftirfylgni til að takast á við dönskunámið. Áfangi fyrir þá, sem hafa ekki að öllu leyti náð markmiðum í dönskunámi grunnskólans. Áfanginn er ætlaður **miðferðarnemendum** (kennslutími er 240 mín á viku).

DAN152/162: Þessi áfangi er ætlaður nemendum sem hafa náð að mestu leyti markmiðum í dönskunámi grunnskólans. Áfanginn er ætlaður nemendum sem sýna frumkvæði í vinnubrögðum og geta unnið sjálfstætt og í hóp með öðrum. Sama námsefni og í DAN102 en farið hraðar yfir. Áfanginn er ætlaður **hraðferðarnemendum** (kennslutími er 160 mín á viku).

Hvað á nemandinn að kunna?

Í þessari töflu er tekið mið af færniþáttunum 4 með hliðsjón af lærdómsviðmiðum 1.þreps skv. námskrá framhaldskólans.

	DAN102	DAN152/162
lesa	<ul style="list-style-type: none">-Nem sem hefur vald á almennum orðaforða.-Nem sem skilur í helstu aðalatriðin í þeim texta sem unnið er með.-Nem sem getur nýtt sér í nýju samhengi þann orðaforða sem hann hefur lært.- Nem sem getur lesið upphátt fyrir framan hóp.	<ul style="list-style-type: none">-Nem sem hefur vald á umtalsverðum, virkum orðaforða.- Nem sem getur dregið réttar ályktanir þó hann hafi ekki fullkominn skilning á þeim texta sem unnið er með.-Nem sem getur lesið fyrir framan hóp.- Nem sem getur aflað sér upplýsinga úr ólíkum textum.-Nem sem getur nýtt sér í nýju samhengi þann orðaforða sem hann hefur lært.-Nem sem er fær um að lesa lengri texta t.d. smásögur.

<p>skrifa</p>	<p>-Nem sem þekkir grunnreglur málkerfisins og getur nýtt sér þær að einhverju leyti. Nafnorð: greinir (óákv/ákv) Eintala/fleirtala Lýsingarorð: greinir, beyging í kyni/tölu Fornöfn: pfn,efn, ábfn,spurnarorð Töluorð: frumtölur/raðtölur Sagnir: nt./þt./lh.þt. Reglulegar/óreglul. -Nem sem getur nýtt sér orðaforða sem hann hefur unnið með og beitt undirstöðureglum málkerfisins í skiljanlegum samfelldum texta.</p>	<p>-Nem sem þekkir grunnreglur málkerfisins og getur nýtt sér þær þokkalega í ritun. - Nem sem getur nýtt sér þann orðaforða sem hann hefur öðlast við bæði rýnis- og hraðlestur og tjáð sig á vel skiljanlegan hátt. - Nem getur auðveldlega og fyrirhafnarlaust tjáð sig í ritun um almenn málefni daglegs lífs.</p>
<p>hlusta</p>	<p>-Nem sem veit nokkurn vegin um hvað hlustunaræfingin fjallar þó hann hafi ekki fullkominn skilning á því efni sem hlustað er á og talað er skýrt - tilbúnar talæfingar í kennslustofu. - Nem sem getur skilið tölur.</p>	<p>-Nem sem getur dregið réttar ályktanir /aflað sér upplýsinga, þó hann hafi ekki fullkominn skilning á því efni sem hlustað er á og talað er skýrt. -Nem sem getur skilið almennt talað mál sem talað er skýrt– ekki eingöngu tilbúnar talæfingar í kennslustofu. - Nem sem getur skilið tölur.</p>
<p>tala</p>	<p>-Nem sem þekkir grunnatriði í framburði td: <i>æ/-á/-nd/-hj/-hv/-sig/-mig/-dig</i> - Nem sem hefur fengið æfingu í að beita réttu hljóðfalli talaðs máls og þorir að tjá sig fyrir framan hóp. - Nem sem getur undirbúinn tjáð sig munnlega um almenn málefni og tekið þátt í samræðum um það efni sem hann hefur lesið og undirbúið sig fyrir.</p>	<p>-Nem sem þekkir grunnatriðin í framburði og getur beitt þokkalega réttu hljóðfalli þegar hann tjáir sig fyrir framan hóp. - Nem sem getur óundirbúið tjáð sig munnlega um almenn málefni daglegs lífs fyrir framan hóp.</p>

ENSKA:

Í hvaða áfanga á nemandinn að fara?

ENS293: Einingalaus undirbúningsáfangi ætlaður nemendum sem við lok grunnskólanáms hafa ekki náð nægilegum tókum á sínu enskunámi. Unnið er með námsefni á svipuðu þyngdarstigi og í 8.-10. bekk. Reynt er að vinna með námsefnið á einstaklingsmiðaðan hátt.

ENS102: Áfanginn er hægferðaráfangi ætlaður nemendum sem við lok grunnskólanáms hafa náð lágmarksviðmiðum í sínu enskunámi (5-7,5), en þurfa tíma og stuðning við námið. Farið er yfir námsefni á svipuðu þyngdarstigi og í hraðferð (B2) en hægar farið yfir og minna efni tekið fyrir.

ENS103: Áfanginn er hraðferðaráfangi ætlaður nemendum sem við lok grunnskólanáms hafa náð góðum tókum á sínu enskunámi (7,5-10). Farið er yfir námsefni á svipuðu þyngdarstigi og í hægferð (B2) en yfirferð er hraðari og meira efni tekið fyrir. Gert er ráð fyrir að nemendur sem fari í þennan áfanga hafi öðlast nokkuð sjálfstæð vinnubrögð og sýni frumkvæði.

Hvað á nemandinn að kunna?

Í eftirfarandi töflu er tekið mið af færniþáttunum fjórum með hliðjón af lærdómsviðmiðum 1. þreps skv. námskrá framhaldsskólans.

	ENS102 B2 Hægferð Nemendur með viðmið A2-B1 úr grsk.	ENS103 B2 Hraðferð Nemendur með viðmið B1 úr grsk.
Lestur	Nemandi hafi nægan orðaforða til að geta lesið stuttan, einfaldan texta um almennt efni, léttlestrarbækur og smásögur.	Nemandi hafi nægan orðaforða til að geta lesið texta um almennt efni, skáldsögur og smásögur.
Ritun	Nemandi geti tjáð sig skriflega um kunnugleg efni s.s. áhugamál eða venjur og skrifað einföld bréf og lýsingar.	Nemandi hafi nokkuð gott orðfæri og geti tjáð sig skriflega um ýmis málefni, kunnugleg jafnt sem ókunnug. Nemandi hafi öðlast nokkra færni í ritun texta s.s. stuttra ritgerða eða lýsinga
Hlustun	Nemandi skilji grunnatriði talaðs máls um efni sem honum er kunnugt.	Nemandi skilji grunnatriði talaðs máls um efni sem honum er kunnugt. Nemandi skilji í grófum dráttum aðalatriði í útvarps- og sjónvarpsefni um málefni líðandi stundar
Tjáning	Nemandi geti tjáð sig munnlega um kunnugleg efni s.s. áhugamál, venjur o.þ.h. og geti átt í einföldum orðaskiptum.	Nemandi geti tjáð sig munnlega um ýmis málefni og geti tekið þátt í samræðum um efni sem honum er kunnugt.

Íslenska

Í hvaða áfanga á nemandinn að fara?

ÍSL 293 - Undirbúningsáfangi: Þessi áfangi er einingalaus. Hann er ætlaður nemendum sem hafa átt í miklum erfiðleikum með námsefni 8.-10. bekkjar í íslensku.

Áfanginn miðast við að nemendur nái þeim markmiðum í íslensku sem sett eru fram í Aðalnámskrá grunnskóla. http://bella.mrn.stjr.is/utgafur/adalnamskra_grsk_islenska.pdf

ÍSL 102: Þessi áfangi er ætlaður fyrir nemendur sem hafa ekki að öllu leyti náð markmiðum Aðalnámskrár grunnskóla í íslensku.

http://bella.mrn.stjr.is/utgafur/adalnamskra_grsk_islenska.pdf

Þessir nemendur þurfa nokkra upprifjun í námsefni 8.-10. bekkjar, svo sem í stafsetningu, beygingarfræði og ritun. Hér er farið hægar yfir og minna efni undir.

Helstu markmið áfangans eru að nemendur:

- auki leshraða sinn og bæti lesskilning
- geti túlkað bókmenntatexta og beitt við það nauðsynlegum hugtökum
- bæti þekkingu sína á mikilvægum þáttum málfraeði, einkum orðflokum og notkun sagnorða
- kynnist byggingu ritaðra texta og skrifi ýmsar gerðir þeirra
- geti nýtt sér handbækur og önnur hjálpargögn við ritun
- kynnist efnisöflun á netinu
- þjálfist í tjáningu, jafnt í ræðu sem riti
- þjálfist í stafsetningu

ÍSL 103: Þessi áfangi er ætlaður nemendum sem hafa náð að mestu leyti markmiðum Aðalnámskrár grunnskóla í íslensku.

http://bella.mrn.stjr.is/utgafur/adalnamskra_grsk_islenska.pdf

Þetta er svokallaður hraðferðaráfangi. Í upphafi er snörp upprifjun úr námsefni 8.-10. bekkjar (beygingarfræði, stafsetningu og ritun). Hér er yfirferðin hraðari og meira efni lagt fyrir.

Helstu markmið áfangans eru að nemendur:

- auki leshraða sinn og bæti lesskilning
- geti túlkað bókmenntatexta og beitt við það nauðsynlegum hugtökum
- kynnist byggingu ritaðra texta og skrifi ýmsar gerðir þeirra
- geti nýtt sér handbækur og önnur hjálpargögn við ritun
- kynnist efnisöflun á netinu
- þjálfist í tjáningu, jafnt í ræðu sem riti
- bæti kunnáttu sína í rétttritun og greinarmerkjasetningu
- þekki helstu hugtök bókmenntafræði
- auki færni sína í beygingarfræði og málnotkun
- læri setningafræði

Stærðfræði

Í hvaða áfanga á nemandinn að fara?

Flensborg býður upp á fjóra byrjunar áfanga í stærðfræði. Það eru áfangarnir STÆ 293, STÆ 162, STÆ 102 og STÆ 103.

STÆ 293 er undirbúningsáfangi og er hugsaður fyrir nemendur sem hafa ekki náð tökum á efni efri bekkja grunnskólans.

STÆ 162 er hagnýt stærðfræði (og er nýr áfangi hjá okkur), hann er fyrir nemendur sem eru á félagsfræðibraut, málabraut og upplýsinga- og fjölmiðlabraut. Gert er ráð fyrir að nemendur sem fara í hann kunni einfaldar reikniaðgerðir en gert er ráð fyrir lítilli algebru- og rúmfræðikunnáttu. Keðjan er STÆ 162, STÆ 182 og STÆ 262 en það er lágmarksstærðfræði til stúdentsprófs á þessum brautum. Nemendur sem klára þessa keðju geta haldið áfram í STÆ 313 og STÆ 383 en ekki í STÆ 303 (sem er skylduáfangi á náttúrufræðibraut og viðskipta- og hagfræðibraut).

STÆ 102 er hefðbundin hægferð. Gert er ráð fyrir að nemendur sem fara í hann hafi tök á algebru og rúmfræði en þurfi þó stuðning eða ekki mjög hraða yfirferð.

STÆ 103 er hefðbundin hraðferð. Gert er ráð fyrir að nemendur sem fara í hann séu sterkir í algebru og með rúmfræðina á hreinu.

STÆ 293:

Eðlilegast er að kennari mæli með „undirbúningsáfanga“ ef nemandi uppfyllir ekki forkröfur fyrir STÆ 162.

STÆ 162:

Þessi áfangi er fyrir nemendur á öðrum brautum en Náttúrufræðibraut eða Viðskipta- og hagfræðibraut. Eðlilegast er að kennari mæli með „hagnýtri stærðfræði“ ef nemandi uppfyllir ekki forkröfur fyrir STÆ 102 en hefur náð tökum á eftirtöldum atriðum:

- skilja hvernig nota má bókstafi til að tákna stærðir
- hafa skilning á muninum á jákvæðum og neikvæðum tölum og kunna formerkjareglur
- vita hvenær tvö almenn brot eru jöfn, geta styt og lengt almenn brot og fundið samnefnara
- Geti reiknað einföld veldadæmi
- kunna að leggja saman, draga frá, margfalda og deila af öryggi án aðstoðar reiknivélar

- kunna að nota reiknivél til að leggja saman, draga frá, margfalda, deila, draga ferningsrætur og hefja í veldi og geta notað reiknivél í prósentureikningi
- Kunna að leysa jöfnur með því að nota andhverfar aðgerðir (ekki færa yfir).
- hafa tilfinningu fyrir tölum og stærðum og áhrifum reikniaðgerða á þær þannig að hann geti lagt mat á hvort útkoma úr reikningsdæmi er sennileg
- kunna skil á hlutfallareikningi.
- hafa góðan skilning á þeirri grundvallarhugmynd að prósent merkir hundraðshluti af heild og geta notað þessa hugmynd í prósentureikningi, t.d. við að setja fram hlutföll í prósentum

STÆ 102:

Eðlilegast er að kennari mæli með „hægferð“ ef nemandi uppfyllir ekki forkröfur fyrir STÆ 103 en hefur náð tókum á eftirtöldum atriðum og forkröfunum fyrir STÆ 162.

- kunna undirstöðuatriði algebru varðandi liðun, þáttun, veldi, og röð aðgerða
- hafa kynnst því hvernig má leysa einfaldar annars stigs jöfnur með þáttun
- ráða við margvísleg orðadæmi sem leysa má með því að setja upp og leysa fyrsta stigs jöfnur með einni óþekktri stærð.
- kunna að einfalda algebrustæður sem eru samsettar úr tölum og/eða bókstöfum með venjulegum reikniaðgerðum
- þekkja talnalínuna og geta fundið fjarlægð milli punkta á henni

STÆ 103:

Eðlilegast að kennari mæli með „hraðferð“ ef nemandi uppfyllir eftirfarandi kröfur og hefur uppfyllt forkröfur fyrir bæði STÆ 162 og STÆ 102.

- Kunna **mjög vel** að nota víxlreglu, tengireglu og dreifireglu, kunna að margfalda upp úr svigum og þátta fyrsta og annars stigs margliður
- skilja og nota rétt stærðfræðileg hugtök sem algeng eru við framsetningu tölulegra gagna í almennum texta, s.s. „hækkun“, „hlutfallsleg hækkun“, „prósentulækkun“ og „-hækkun“, „frávik“ o.fl.
- hafa tamið sér að prófa niðurstöður
- geta leyst saman tvær fyrsta stigs jöfnur með tveimur óþekktum stærðum þ.e. leyst jöfnuhneppi með tveimur óþekktum stærðum.
- þekkja helstu hugtök úr þrívíðri rúmfræði, s.s. strending, tening, sívalning, kúlu, keilu og strýtu (píramída)

- þekkja algengustu hugtök og lögmál varðandi þríhyrninga, s.s. rétthyrnda, jafnhliða og jafnarma þríhyrninga og reglur um hvenær tveir þríhyrningar eru eins
- kunna góð skil á metrakerfinu hvað varðar mælingu flatarmynda og þrívíðra hluta.
- átta sig á flatarmáli, kunna reglur um helstu flatarmálsreikninga og geta beitt þeim
- átta sig á rúmmáli og kunna reglur um rúmmál réttstrendings, sívalnings, keilu og kúlu.
- þekkja samsvörun rúmmáls og mælieininga fyrir vökva, vita að 1 lítri samsvarar 1 dm^3 og 1 ml samsvarar 1 cm^3 og geta reiknað milli þessara eininga
- átta sig á yfirborðsmáli og geta reiknað yfirborðsmál einfaldra rúmmynda
- þekkja rétthyrnt hnitakerfi, viti hvað er x-ás og hvað er y-ás og hvernig hnit punkts er fundið.
- kunna regluna um hornasummu í þríhyrningi og geta beitt henni til að finna hornasummur marghyrninga
- kunna reglu Pýþagórasar.